

HEIÐIN

HVAÐ FINNUR ÞÚ UPP Á HEIÐI?

Heiðavatn




Stöðuvatn á heiði.

Smálækur



Straumvatn,
lítið rennandi vatn.

Sauðfé



Kindur sjást víða á fjöllum á
sumrin með lömbin sín.

Kindagata



Mjór stígur í landslagi sem
kindur hafa markað.

Vegslóði




Ógreinilegur akvegur, oft leiðir
hann að vötnum eða er notaður
af bændum.

Afréttargirðingar



Girðing sem afmarkar afrétt,
þangað er sauðfé og stundum
hross send yfir sumartímann.

Himbrimi



Stór og rennilegur vatnafugl,
einn af einkennisfuglum
íslenskra heiðavatna.

Rofabörð



Grashóls- eða grastorfubrún
sem vindur hefur rofið
gróðursvörð af.

Heiðagæs



Heiðagæs er farfugl og einn af
einkennisfuglum miðhálandisins.

Álft



Álft er stærsti varpfugl landsins. Hún er grasbitur, lifir mest á vatnagróðri en fer einnig í tún.

Varða



Hlaðin með steinum eða moldarhraukur, til vegvísunar.

Sauðamergur




Blómplanta með bleik blóm sem vex í lynnámum og er algeng um allt land.

Víðir



Trjátegundir sem vaxa á Íslandi og mynda gjarnan runna. Vex aðallega í rökum jarðvegi á köldum og tempruðum svæðum á norðurhveli jarðar. Loðvíðir, gulvíðir og grávíðir eru víðitegundir sem hafa verið lengi í íslensku flórunni.

Dýjamosi



Mosategund sem vex einkum við læki og lindir. Dýjamosi gefur oft vísbendingu um staði þar sem kalt grunnvatn streymir úr jörðu.

Fjallagrös



Fjallagrös eru fléttur sem eru sambýli tveggja lífvera, svepps og þörungs. Þau vaxa á öllu norðurhveli jarðar, og á Íslandi eru þau mjög algeng, einkum upp til heiða og fjalla. Fjallagrös voru mikið nýtt til manneldis áður fyrr og eru enn.

Hreindýrkrókar



Hreindýrkrókar eru ljósar fléttur sem eru algengir á þúfum í mólendi, einkum upp til heiða. Fingerðir krókarnir minna á horn hreindýra en þeir eru einnig mikilvæg fæða hreindýra.

Refur



Refur hefur verið á Íslandi í árþúsundir og er eina spendýrið sem var á Íslandi fyrir landnám. Refur gengur einnig undir nafninu melrakki, tófa og lágfóta. Karlðýrið er kallað steggur eða refur og kvendýrið læða. Afkvæmi refsins nefnist yrðlingur.